

# Fundur í stjórn Jaðars

Jaðar, 30. janúar 2019

Fundur settur kl. 11:00.

Mættir voru: Ásbjörn Óttarsson, formaður, Unnur Fanney Bjarnadóttir, Lovísa Sævarsdóttir og Inga Jóhanna Kristinsdóttir, forstöðumaður.

1. Forstöðumaður fór yfir eftirfarandi mál:

- Stöðu heimilisins og nýtingu dvalar- og hjúkrunarrýma sem eru fullnýtt og biðlisti.
- Samskipti við ráðuneyti vegna fjölgunar hjúkrunarrýma og lagt til að forstöðumaður og bæjarstjóri fylgi þessu eftir.
- Stjórnin sótti um í framkvæmdasjóð aldraðra vegna framkvæmda 2018 en fékk ekki úthlutun. Ákveðið var að sækja um aftur vegna framkvæmda 2019.
- Kynntar voru breytingar og lagfæringar á húsnæði.
- Farið yfir starfsmannamál.
- Farið var yfir reksturinn vegna ársins 2018 og ákveðið að óska eftir að bæjarritari komi á næsta fund og fari yfir fjárhagsáætlun vegna ársins 2019.

Fundi slitið kl. 12:10.